

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og sorpförgun í Mýrdalshreppi.

#### 1. gr.

Gjaldskrá fyrir sorphirðu (sorphreinsun og sorpförgun) í Mýrdalshreppi, sbr. samþykkt nr. 985/2001 um sorphirðu í Mýrdalshreppi, fyrir árið 2014 skal vera sem hér segir og innheimtast með fasteignagjöldum:

	<i>Sorphreinsun og förgun</i>	<i>Gámavöllur og endurvinnsla</i>	<i>Samtals</i>
<i>Íbúðir</i>	Kr.	Kr.	Kr.
Íbúðarhús	18.410	19.140	37.550
Sumarhús	9.200	9.570	18.770
<i>Fyrirtæki</i>			
Flokkur 0		21.740	21.740
Flokkur 1	21.740	21.740	43.480
Flokkur 2	71.240	43.470	114.710
Flokkur 3	142.480	57.460	199.940
Flokkur 4	213.720	59.800	273.520
Flokkur 5	284.960	65.210	350.170

Sorpgjald er lagt á hverja íbúð og hvert sumarhús í sveitarfélaginu. Hver íbúð á rétt á tveimur sorptunnum annarri fyrir óflokkað sorp en hinni fyrir endurvinnsluefni. Gámar fyrir bæði flokkað og óflokkað sorp eru staðsettir í námunda við sumarhúsabyggðir. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum, sumarhúsum og fyrirtækjum skv. ákveðnu skipulagi. Sorpgjald er lagt á húsnæði fyrirtækja, geymslu- og verkstæðishúsnæði og er gjald fyrir sorphirðu og hreinsun innheimt eftir magni og er þá tekið mið af sorpmagni undangengins árs, þannig að flokkað er í 5 mismunandi flokka eftir sorpmagni.

Kostnaði vegna gámavallar og endurvinnslu er jafnað á íbúðir, þó þannig að sumarhús greiða aðeins 50% af gjaldinu. Sumarhús eru hús sem standa á skipulögðum svæðum fyrir frístundabyggð. Gjald sem lagt er á fyrirtæki vegna þjónustu gámavallar og endurvinnslu fer hækkandi eftir magni úrgangs frá fyrirtækjunum. Lægsta fyrirtækjagjald vegna gámavallar og endurvinnslu er innheimt af bújörðum með búrekstur.

Hreinsunar- og urðunargjöldum er jafnað á íbúðarhús og sumarhús, en fyrirtæki greiða hreinsunar- og urðunargjald eftir fjölda sorpílata og umfangi sorps.

#### 2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Mýrdalshrepps er hér með staðfest samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Mýrdalshrepps 17. október 2013 og af Heilbrigðiseftirliti Suðurlands 25. nóvember 2013.

*Vík í Mýrdal, 2. desember 2013.*

**Ásgeir Magnússon** sveitarstjóri.